

Reykjavík 7. desember 1999

Alþingi  
Erindi nr. P 125/381  
komudagur 7.12.'99

Hr. formaður Efnahags og viðskiptanefndar Alþingis  
Vilhjálmur Egilsson  
Þórshamri

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Í framhaldi af fundi okkar með Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis í morgun viljum við að komi fram að fulltrúar starfsmanna umræddra banka taka ekki afstöðu til frumvarpsins sem slíks þar sem ekki hefur gefist tækifæri til að fjalla um það innan starfsmannafélaganna.

Þessi sala á 15% hlut ríkisins í bönkunum og aðdragandi hennar vekur þó upp spurningar um framtíðarfyrirætlanir ríkisstjórnarinnar hvað varðar eignarhlut ríkisins í þessum bönkum.

Fulltrúar starfsmanna beina því þeim eindregnu tilmælum til Alþingis og Viðskiptaráðherra, sem fer með meirihlutaeign í BÍ og LÍ, að áætlanir um framtíð bankanna, sölu þeirra eða sameiningu, verði mótaðar og kynntar starfsmönnum og öðrum hluthöfum bankanna hið fyrsta..

Virðingarfyllst,

Friðbert Traustason formaður SÍB

Kristín Guðbjörnsdóttir formaður FSLÍ

Þorsteinn Þorbergsson formaður SBÍ.

Einnig sent Finni Ingólfssyni Viðskiptaráðherra.